

**Nr. 013 / 12 Sæfari SK 112*****Fær veiðarfæri í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2512  
Smíðaður: Akranes 2001, plast  
Stærð: 5,4 brl. 4,6 bt.  
Mesta lengd: 8,62 m Skráð lengd: 7,69 m  
Breidd: 2,48 m Dýpt: 0,92 m  
Vél: Perkins 156 kW, 2001  
Fjöldi skipverja: 2



Sæfari©Hafbór Hreiðarsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 5. febrúar 2012 var Sæfari SK 112 á línuveiðum Húnaflóa. Veður: SV 3-6 m/s. (Gjögur kl. 15:00)

Þegar báturinn var staddur um 13 sml. vestur af Skagaströnd fékk hann veiðarfæri í skrúfunu og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Húnabjörg dró Sæfara SK til Skagastrandar. Engar skemmdir urðu á bátnum.

**Við rannsókn kom fram:**

- að þegar bátsverjar voru að leggja línuna varð hún óklár og taldi skipstjóri sig hafa kúplað frá vél þegar hann fór aftur á bátinn til að hjálpa til við að leysa úr flækjunni. Í ljós kom að hann hafði tekið stjórnstöngina aðeins of langt aftur og skrúfan því farið í afturábak þannig að færið fór í hana. Um vökvagír var að ræða.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.